

Föstudaginn 18. nóv. 1932.

Nr. 63/1932. **Hrefna Sigurgeirsdóttir**

(Jón Arinbjarnarson)

gegn

Árna Ólafssyni (Enginn).

Frávisun.

Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 5. marz 1932: Synji Jón Arinbjarnarson fyrir það með eiði eftir löglegan undirbúning á varnarþingi sínu innan 30 daga frá lögbirtingu dóms þessa, að kærandinn, Árni Ólafsson, hafi unnið hjá kærðu, Hrefnu Sigurgeirsdóttur, dagana 18., 19., 22. og 25. nóvember 1930, skal kærða vera sýkn af kröfum kæranda í máli þessu og málskostnaður falla niður.

Vinni hann hinsvegar ekki svofelldan eið skal kærða greiða kærandanum kr. 57,00 með 5% ársvöxtum frá 16. jan. 1932 til greiðsludags og 20 krónur í málskostnað að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Máli þessu hefir verið áfrýjað til hæstaréttar með stefnu, dags. 20. maí þ. á., en stefndi hefir hvorki mætt eða látið mæta, þótt honum hafi verið löglega stefnt og hefir málið því verið flutt skriflega samkv. 1. tölulið 38. gr. hæstaréttarlaganna.

Samkvæmt undirréttardómsgerðunum í máli þessu átti þeim að fylgja in originali vinnudagbók stefnda, er hann lagði fram í undirrétti 23. jan. þ. á., og auðkennd var þar sem nr. 3. En réttarskjal þetta fylgdi ekki dómgerðunum til hæstaréttar og geta þær þar af leiðandi eigi talizt vera fullnægjandi og verður því, sbr. N. L. 1—5—13 og 1—6—10 að vísa málinu ex officio frá hæstarétti.

Stefndi hefir sem áður segir eigi látið mæta í hæstarétti og á því málskostnaður að falla niður.

Því dæmist rétt vera:

Máli þessu vísast frá hæstarétti.

Málskostnaður fellur niður.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er höfðað fyrir einkalögregluréttinum með stefnu, útgefinni 16. janúar þ. á., af Árna Ólafssyni, Sól-vallagötu 27, hér í bæ, á hendur Hrefnu Sigurgeirsdóttur, Bergstaðastræti 65, hér í bænum, til greiðslu skuldar fyrir vinnu, að upphæð kr. 57,00 með 5% ársvöxtum frá 16. jan. 1932 til greiðsludags svo og málskostnað eftir mati réttarins.

Eftir því sem fram hefir komið í málinu, þá hefir kærandi unnið hjá kærðu við strigalagningu í húsunum nr. 29 og 31. við Bergþórugötu á árinu 1930 og munu reikningar hafa verið gerðir upp 9. nóvember það ár og greiðsla þá farið fram samkv. kvittun frá kæranda. Hinsvegar virðist ekki byggingu húsanna hafa verið lokið þá og ekki fyrr en komið var fram á síðarastliðið ár, og hefir kærandi haldið því fram, að hann hafi auk þess, sem áður er getið unnið hjá kærðu dagana, 18., 19., 22. og 25. nóvember 1930, en vinnulaun þau séu ógreidd og sé því mál þetta höfðað til greiðslu þeirra.

Kærða hefir aftur á móti algerlega mótmælt þessari kröfu, sem rangri, og haldið því fram að kærandi hafi ekkert unnið hjá sér eftir 9. nóvember 1930 og krafizt jafnframt algerðrar sýknu af kröfum kæranda.

Kærandi hefir haldið því fram, að daga þá, sem hér um ræðir, hafi hann unnið að því að hengja upp striga í rishæðinni í húsinu nr. 29 við Bergþórugötu, en kærða hefir og mótmælt því, að kærandi hafi unnið þetta verk og fullyrðir hún, að það verk hafi Bertel Sigurgeirsson bróðir hennar, unnið.

Vitnin, Gísli Jóhannesson, Guðmundur Jónsson og Ragnar Rövdal, hafa öll borið það, að kærandi hafi hengt upp strigann í rishæðinni í húsinu nr. 29 við Bergþórugötu, en aðeins eitt vitnið, Gísli, hefir borið það og stað-

fest þann framburð með eiði, að kærandi hafi unnið að því starfi eftir 9. nóvember 1930.

Rétturinn verður að líta svo á, að það sé ekki fullsannað, að kærandi hafi unnið hjá kærðu eftir 9. nóvember 1930 eða dagana 18., 19., 22. og 25. nóvember 1930, þótt sterkar líkur séu fyrir því eftir því sem fram er komið í málinu. Þykir því rétt að láta úrslit máls þessa vera komin undir synjunareiði, en með því að eiginmanni kærðu, Jóni Arinbjarnarsyni, mun vera frekast kunnugt um þetta atriði, verða úrslitin látin vera komin undir eiði hans, þannig að synji hann fyrir það með eiði eftir löglegan undirbúning á varnarþingi sínu innan 30 daga frá lögbirtingu dóms þessa, að kærandi hafi unnið hjá kærðu eftir 9. nóvember 1930, eða dagana 18., 19., 22. og 25. nóvember 1930, skal kærða vera sýkn af kröfum og málskostnaður falla niður.

Vinni Jón Arinbjarnarson ekki svofeldan eið, greiði kærða kærandanum skuld, kr. 57,00 þar sem upphæðinni hefir ekki verið mótmælt sérstaklega, ásamt 5% ársvöxtum frá 16. jan. 1932 til greiðsludags og þykir málskostnaður þá eftir atvikum hæfilega ákveðinn 20 krónur.

Á máli þessu hefir enginn óþarfa dráttur orðið.

Dómi þessum að fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 21. nóv. 1932.

Nr. 154/1932. **Valdstjórnin** (Pétur Magnússon)

gegn

Ólafi Steinari Finnbogasyni

(Sveinbjörn Jónsson).

Bruggun.

Dómur lögregluréttar Árnessýslu 29. júlí 1932: Kærður, Ólafur Finnbogason, bóndi í Auðsholti, greiði 1000 kr. sekt í rikissjóð innan 15 daga frá birtingu dómsins, en afplánist ella með 48 daga einföldu fangelsi.

Hið tilbúna áfengi og bruggáhöldin skulu upptæk ger. Þá greiði kærður allan sakarkostnað.